

**117**

1. júlí

**AUGLÝSING**

um að samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með lögum nr. 108 8. maí 1935, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum, skuli koma í gildi.

Fullgildingarskjöl að samningi þeim, sem gerður var í Kaupmannahöfn þann 19. nóvember 1934 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum, voru, af hálfu allra samningsaðilanna, afhent í Kaupmannahöfn þann 14. júní 1935.

Samkvæmt 30. grein samningsins gengur hann í gildi fyrir öll samningsríkin þann 1. janúar 1936.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

*Í ríkisstjórn Íslands, 1. júlí 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

**118**

25. sept.

**KONUNGSBRÉF**

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda  
fimmtudaginn 10. okt. 1935.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Låenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vér, samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 10. október 1935.

*Gjört á Amaliuborg, 25. september 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*